



## FJÖLMÍÐLANEFND

2. júlí 2019  
**Álit nr. 6/2019**

### **Brot Ríkisútvarpsins ohf. á 2. mgr. 7. gr. laga nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið með kostun á þáttaröðinni Alla leið á RÚV**

#### **I. Málsatvik**

##### **1. Kvörtun Hringbraut fjölmiðla**

Fjölmiðlanefnd barst tölvupóstur frá Hringbraut Fjölmiðlum ehf. (Hringbraut Fjölmiðlum) þann 14. desember 2018, þar sem fram kom að Hringbraut Fjölmiðlar teldu fyrirhugaða kostun RÚV á þáttaröðinni Alla leið fara í bága við ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið.

Í erindi Hringbrautar Fjölmiðla sagði. „Við gerum athugasemd við kostun Alla leið. Hér er verið að teygja Eurovision upp í fjögurra mánaða veislu fyrir kostendur og inn í pakkann sett efni sem er hræbillegt á borð við Alla leið. Hér er sem sagt bara verið að gera grín að reglunum.“

Með bréfi Hringbrautar Fjölmiðla fylgdi afrit af tilboði Ríkisútvarpsins til kostenda, þar sem fram komu upplýsingar um fyrirhugaða kostun á Söngvakeppninni, Eurovision og tengdu efni. Tilboðið fól í sér kostun á sérstökum þætti í janúar, þar sem keppendur og lög þeirra yrðu kynnt, fyrri og seinni forkeppni Söngvakeppninnar í febrúar, úrslitum Söngvakeppninnar í mars, þáttaröðinni Alla leið í apríl og maí, fyrri og seinni undanúrslitum Eurovision-keppninnar 14. og 16. maí og úrslitum Eurovision-keppninnar 18. maí.



## FJÖLMIÐLANEFND

### 2. Efnistöð dagskrárliðar

Í þáttunum Alla leið, sem sýndir voru á RÚV á fjögurra vikna tímabili í apríl og maí 2019, var farið yfir öll löggin sem keppa í Eurovision 2019, þau vegin og metin með aðstoð álitsgjafa og reynt að spá fyrir um gengi þeirra í keppninni. Stjórnandi þáttanna var Felix Bergsson. Þættirnir voru sýndir 13. 20. og 27. apríl og 4. og 11. maí og voru þættir nr. 2 og 3 kostaðir af Olísdeildinni/Olís, þáttur nr. 4 af Íslandsbanka og þáttur nr. 5 af Rekstrarlandi.

### II. Málsmeðferð og sjónarmið málsaðila

#### 1.

Á fundi fjölmiðlanefndar 5. febrúar 2019 var fjallað um kvörtun Hringbrautar Fjölmiðla og samþykkt að óska eftir sjónarmiðum Ríkisútvarpsins.

Óskað var eftir skýringum Ríkisútvarpsins vegna fyrirhugaðrar kostunar með tölvupósti 6. febrúar 2019. Í svari Ríkisútvarpsins, dags. 15. febrúar, benti Ríkisútvarpið á að þættirnir Alla leið hefðu áður komið til tals í samskiptum RÚV og fjölmiðlanefndar. Líkt og fram hafi komið í tengslum við endurskoðun auglýsingareglna RÚV á sínum tíma, og vikið sé sérstaklega að í ákvörðun fjölmiðlanefndar nr. 1/2017, sé umræddur þáttur eitt þeirra örfáu dæma sem RÚV hafi tiltekið sem dæmi um afleidda dagskrá sem tengist með beinum og afgerandi hætti kostuðum stórviðburðum, sem Söngvakeppnin og Eurovision-söngvakeppnin sannarlega væru. Hafi það engum mótbárum sætt af hálfu fjölmiðlanefndar, enda megi telja þetta skólabókardæmi um hvað geti að sönnu fallið þar undir. Þættirnir taki beinlínis til þeirra laga sem keppi í Eurovision og séu raunar takmarkaðir við þau.

Á fundi fjölmiðlanefndar 5. mars 2019 voru sjónarmið Ríkisútvarpsins lögð fyrir nefndina og starfsmönnum falið að afla frekari upplýsinga frá Ríkisútvarpinu.

#### 2.

Óskað var eftir frekari skýringum Ríkisútvarpsins, vegna fyrirhugaðrar kostunar Alla leið, með bréfi dags. 8. mars 2019. Óskað var eftir skýringum á því hvort Ríkisútvarpið teldi að útgjöld Ríkisútvarpsins vegna framleiðslu Alla leið stæðu í beinu samhengi við útgjöld vegna kaupa á sýningarrétti vegna Eurovision-söngvakeppinnar. Jafnframt var óskað skýringa á því hvort sýningarrétti í Eurovision fylgdi skylda til að kynna löggin sem keppa í Eurovision á hverju ári



## FJÖLMIÐLANEFND

með einhverjum hætti. Var þess óskað að svör Ríkisútvarpsins bærust eigi síðar en 22. mars 2019.

Þann 25. mars 2019 funduðu formaður fjölmiðlanefndar og starfsmenn nefndarinnar með skrifstofustjóra, auglýsingastjóra og lögmanni Ríkisútvarpsins en til fundarins var boðað að beiðni Ríkisútvarpsins. Á þeim fundi lögðu fulltrúar Ríkisútvarpsins fram sjónarmið RÚV í málinu en fram kom að skrifleg svör yrðu send að fundi loknum.

### 3.

Skrifleg svör Ríkisútvarpsins bárust 2. apríl 2019 og fylgdi samningur EBU við Ríkisútvarpið, vegna þátttöku í Eurovision-söngvakeppninni, með í trúnaði.

Í svörum Ríkisútvarpsins voru fyrri sjónarmið ítrekuð, þar á meðal sjónarmið um réttmætar væntingar vegna fyrri samskipta við nefndina. Fram kom að RÚV liti á Söngvakeppnina, Eurovision, þáttinn #12stig og þáttaröðina Alla leið sem eina heild, þ. á m. gagnvart áhorfendum, skuldbindingum RÚV við EBU og bókhaldi félagsins. Við áætlunargerð hvers árs væri litið til heildarkostnaðar Íslands í Eurovision og væri þá allt innifalið: Réttindagreiðslur, útsendingarkostnaður, framleiðslukostnaður, greiðslur til þátttakenda, kynningarkostnaður og allur annar dagskrárkostnaður í heild sinni. Það væri svo ákvörðun dagskrárstjóra og framkvæmdastjórnar keppinnar hvernig fjármunum hvers árs væri ráðstafað, hversu mörg lög keppi til úrslita, hversu margir þættir væru gerðir o.s.frv. Þegar tekjur og gjöld vegna Söngvakeppinnar væru gerð upp væri einkum litið til heildartekna og heildargjalda af ofangreindu. Heildarkostnaður RÚV vegna Eurovision 2018 hafi verið um 90 milljónir kr. og heildartekjur sömuleiðis, eins og áður hafi komið fram í svörum RÚV við fyrirspurnum fjölmiðla.

Þá kom fram í svörum Ríkisútvarpsins að RÚV hafi viðamiklar kynningarskyldur gagnvart EBU varðandi Eurovision. RÚV beri að kynna lögin í keppninni og birta kynningarstíklur um keppnina. Um framangreint vísaði Ríkisútvarpið til reglna EBU, þar sem sjá mætti skuldbindingar RÚV, þ. á m. skyldu til að kynna myndbönd með lögum úr keppninni. Kvað Ríkisútvarpið myndböndin vera bakbeinið í þáttunum Alla leið. Þá væri framangreint einnig til marks um bein tengsl aðalkeppinnar og viðkomandi afleiddrar dagskrár.

Fjölmiðlanefnd fjallaði um málið á fundi sínum 2. apríl 2019 og fór yfir svör og sjónarmið RÚV, sem borist höfðu þann sama dag, þ.m.t. samningsskilmála EBU um skyldu RÚV til að kynna þau lög sem keppa í Eurovision ár hvert. Þar sem ekki hafði gefist tími til að fara ítarlega yfir samning EBU og svör Ríkisútvarpsins var málinu frestað til næsta fundar og starfsmönnum falið að vinna málið áfram.



## FJÖLMIÐLANEFND

Þann 9. apríl var enn óskað eftir frekari skýringum frá Ríkisútvarpinu varðandi samning EBU við RÚV og bárust svör Ríkisútvarpsins 11. apríl 2019. Í svörum RÚV kom m.a. fram að tiltekið samningsákvæði fæli í sér skyldu RÚV til að sýna „trailera“ og myndbönd (e. previews) áður en að lokakeppninni kæmi. Hafi þátttökulöndin svigrúm til að ákveða sjálf hvernig þau kynni framlög keppenda. Hafi Norðurlöndin um árabil gert sameiginlega þætti, með norrænum „panel“, þar sem farið hafi verið yfir öll lögin og brot úr myndböndunum sýnd. Þegar þeir þættir hafi verið aflagðir hafi RÚV hafið framleiðslu á Alla leið, sem séu að forminu til eins og hinir samnorrænu þættir.

Á fundi fjölmiðlanefndar 30. apríl 2019 var málið rætt á ný og upplýst að sýningar á Alla leið væru hafnar og hefðu kostunarskilti birst á undan öðrum og þriðja þætti en ekki þeim fyrsta.

Taldi nefndin ekki hafa komið fram nægilega haldbær rök sem réttlættu kostun þáttanna Alla leið, í ljósi þess að heimild til undantekninga frá banni við kostun dagskrárefnis á RÚV beri að túlka þröngt. Var ákveðið að vinna frummat í málinu í samræmi við þá niðurstöðu. Jafnframt yrði Ríkisútvarpinu veitt færi á að koma frekari sjónarmiðum á framfæri.

### 4.

Frummat fjölmiðlanefndar var sent Ríkisútvarpinu með bréfi dags. 3. júní. Þar fór fjölmiðlanefnd yfir helstu málsatvik og þau lagasjónarmið sem máli skipta við mat á því hvort Ríkisútvarpið hafi brotið gegn 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið. Í frummatinu kom fram að nefndin teldi þættina Alla leið, sem sýndir voru á RÚV 20. og 27. apríl og 4. og 11. maí, falla utan hugtaksins íburðarmikill dagskrárlíður í skilningi laga um Ríkisútvarpið og að ekki hefðu komið fram nægilega haldbær rök af hálfu Ríkisútvarpsins sem réttlætt gætu kostun þeirra.

Fram kom að nefndin vildi gefa Ríkisútvarpinu færi á að koma að frekari athugasemdum og sjónarmiðum áður en tekin yrði ákvörðun um hugsanlegt brot Ríkisútvarpsins á 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið. Bent var á að niðurstaða fjölmiðlanefndar fæli einungis í sér frummat nefndarinnar en ekki endanlega afstöðu hennar til þess hvort Ríkisútvarpið hefði brotið gegn framangreindum ákvæðum. Þær ályktanir sem settar væru fram kynnu að breytast gæfu athugasemdir og skýringar Ríkisútvarpsins tilefni til þess. Þess var óskað að athugasemdir og sjónarmið Ríkisútvarpsins bærust nefndinni eigi síðar en 19. júní 2019.

Með tölvupósti dags. 19. júní óskaði Ríkisútvarpið eftir dags fresti til svara og var umbeðinn frestur veittur. Svör Ríkisútvarpsins bárust nefndinni 20. júní 2019. Var þar svarað tveimur erindum nefndarinnar, annars vegar vegna kostunar Alla leið og hins vegar vegna kostunar og auglýsinga í þættinum #12stig sem einnig var sýndur á RÚV.



## FJÖLMIÐLANEFND

### 5.

Í svörum Ríkisútvarpsins sagði að RÚV teldi ekki sérstaka ástæðu til þess að bera brögður á fyrirbyggjandi frummöt, sem byggð væru á hefðbundnum sjónarmiðum á sviði lögskýringa, þótt RÚV væri ekki endilega sammála niðurstöðunum sem slíkum. Fram kom að RÚV teldi það heldur bagalegt að viss misræmis eða misvísandi skilaboða gætti í stjórnsýsluframkvæmd fjölmiðlanefndar, sem komi ef svo mætti segja „aftan að“ RÚV í þessu máli. RÚV leggi áherslu á að því fari fjarri að niðurstöðurnar séu augljósar, enda hugtakið „íburðarmikill“, svo og „afleidd dagskrá“, í eðli sínu mjög matskennt hugtak og takmarkaðri stjórnsýsluframkvæmd til að dreifa, ásamt því að gögn málsins og atvik beri með sér að RÚV hafi að sönnu verið í góðri trú um réttmæti umræddrar kostunar, sem fengið hafi bæði stoð í reglum RÚV og fyrri samskiptum við fjölmiðlanefnd.

Í fyrrgreindu sambandi sé þess og sérstaklega að gæta, að þó svo að þátturinn #12stig hafi ekki verið sérstaklega nefndur á nafn, ólíkt þáttaröðinni Alla leið, í tölvubréfi RÚV til fjölmiðlanefndar 20. janúar 2017, í tengslum við mál það sem til lykta var leitt með ákvörðun fjölmiðlanefndar nr. 1/2017, þá hafi með skýrum orðum verið vísað til kynningarþátta „þar sem hulunni væri svipt af þeim lögum“ sem tækju þátt í Söngvakeppninni, líkt og hátti til um umræddan þátt, vegna fyrirspurnar fjölmiðlanefndar á hvað teldist „afleidd dagskrá“. Hafi þetta engum mótbárum sætt af hálfu fjölmiðlanefndar. Hafi Alla leið og #12stig verið kostaðir og ekki farið í neinar grafgötur með það. Málið sé þannig af sama meiði og fyrra mál.

Þá segir í svörum Ríkisútvarpsins að réttarvörslusjónarmið standi ekki til þess, og allra síst í ljósi forsögunnar og fyrri stjórnsýsluframkvæmdar fjölmiðlanefndar, að leggja stjórnvaldssekt á RÚV, í hvorugu tilviki, sem muni eftirleiðis ekki kosta umrædda þætti/þáttaraðir í samræmi við þær forsendur og niðurstöður sem birtist í fyrirbyggjandi frummötum. Þau sjónarmið sem búi að baki réttmætum væntingum í stjórnsýslurétti eigi enn fremur, m.t.t. framangreinds, jöfnum höndum við um #12stig og Alla leið.

### III. Forsaga máls

Í ákvörðun nr. 1/2017 komst fjölmiðlanefnd að þeirri niðurstöðu að Ríkisútvarpinu hafi verið óheimilt að kosta þættina „Árið er – Söngvakeppnin í 30 ár“. Í þáttunum „Árið er“ var farið yfir þrjú átuga sögu Söngvakeppninnar í tali og tónum. Kostun þáttanna var talin óheimil á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið og var undantekningarheimild til kostunar



## FJÖLMIÐLANEFND

Íburðarmikilla dagskrárliða ekki talin eiga við um þættina. Að mati fjölmiðlanefndar voru þættirnir ekki í gagngerum tengslum við Eurovision 2016 í þeim skilningi að geta talist íburðarmikill dagskrárliður, þar sem í þeim var fjallað um Eurovision keppnir fyrri ára en ekki Eurovision 2016.

Við meðferð máls þess sem leiddi til ákvörðunar 1/2017 gerði Ríkisútvarpið breytingar á auglýsingareglum sínum, sem Ríkisútvarpinu ber sjálfu að setja skv. 8. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið. Breytingarnar voru gerðar þar sem fram hafði komið að fjölmiðlanefnd teldi auglýsingareglurnar ekki byggja á nógu skýrum viðmiðum.

Í endurskoðuðum auglýsingareglum RÚV, sem sendar voru fjölmiðlanefnd eftir breytingar, segir m.a. um skilgreiningu á hugtakinu íburðarmikill dagskrárliður:

*Til íburðarmikilla dagskrárliða skv. a. liðum 1. og 2. mgr. teljast dagskrárliðir sem falla undir einn eða fleiri eftirfarandi flokka:*

- *útsendingar stórvíðburða á borð við Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, Söngvakeppnin, Menningarnótt og söfnunarútsendingar fyrir góðgerðarmál, svo og afleidd dagskrá að því gættu að kostun, sbr. 1. mgr., sé seld í einu lagi [leturbreyting fjölmiðlanefndar].*

Í ákvörðun 1/2017 kemur fram að með erindi fjölmiðlanefndar 20. janúar 2017 hafi verið óskað skýringa frá Ríkisútvarpinu á orðalaginu „afleidd dagskrá“ í þeim lið auglýsingaskilmálanna, er varði útsendingar stórvíðburða á borð við Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, Söngvakeppnina, Menningarnótt og söfnunarútsendingar fyrir góðgerðarmál.

Í svari Ríkisútvarpsins, sem borist hafi í tölvupósti sama dag, hafi Ríkisútvarpið skýrt orðalagið „afleidd dagskrá“ frekar:

*Varðandi aðra dagskrá en íþróttadagskrá sagði í svari Ríkisútvarpsins að Söngvakeppnin og Eurovision væru einu dagskrárliðirnir sem svipað væri ástatt um, þ.e. gerðir væru kynningarþættir þar sem hulunni væri svipt af þeim lögum sem þátt taka í keppninni og síðan þættirnir Alla leið, þar sem farið væri yfir öll lögin sem þátt taka í Eurovision söngvakeppninni [leturbr. fjölmiðlanefndar]. Í svari Ríkisútvarpsins sagði að RÚV taki mið af athugasemdum fjölmiðlanefndar varðandi viðburði eins og Melodifestivalen og telji ákvæði um kostun að sjálfsögðu ekki taka til slíkra dagskrárliða. Sömuleiðis lesi Ríkisútvarpið það út úr athugasemdum fjölmiðlanefndar að dagskrárgerð eins og sú sem tengdist þrjátíu ára afmæli Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöða (Árið er Eurovision, Söngvakeppnin í 30 ár) falli ekki undir að vera*



## FJÖLMÍÐLANEFND

*afleidd dagskrá, enda ekki í gagngerum tengslum við Söngvakeppni þess árs/hinn íburðarmikla dagkrárlið.*

*(Úr ákvörðun 1/2017)*

Ekki voru gerðar athugasemdir af hálfu fjölmiðlanefndar við framangreint svar RÚV á sínum tíma, heldur var það rakið í umfjöllun um sjónarmið málsaðila í ákvörðun 1/2017.

### IV. Niðurstaða

#### 1.

Meginregla 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið felur í sér að Ríkisútvarpinu er óheimilt að afla tekna með kostun dagskrárefnis. Þó má víkja frá þeirri reglu í eftirfarandi tilvikum:

- a. við útsendingu íburðarmikilla dagskrárliða til að mæta útgjöldum við framleiðslu eða kaup á sýningarrétti.
- b. við útsendingu innlendra íþróttaviðburða og umfjöllun um þá.

Ríkisútvarpinu er sjálfu falið að setja reglur um birtingu viðskiptaboða og kostun dagskrárefnis, sbr. 8. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið. Eru þær reglur aðgengilegar á vef RÚV undir yfirskriftinni Auglýsingareglur RÚV. Fjallað er um kostun dagskrárliða í 6. gr. auglýsingareglanna. Þar segir m.a:

#### **6. gr. Kostun, rof dagskrárliða og hlutfall viðskiptaboða. Viðmið.**

Heimilt er að afla tekna með kostun dagskrárliða í eftirfarandi tilvikum:

- a. við útsendingu íburðarmikilla dagskrárliða til að mæta útgjöldum við framleiðslu eða kaup á sýningarrétti,
- b. við útsendingu innlendra íþróttaviðburða og umfjöllunar um þá.

Heimilt er að rjúfa dagskrárliði með viðskiptaboðum í sjónvarpi í eftirfarandi tilvikum:

- a. við útsendingu íburðarmikilla dagskrárliða,
- b. við útsendingu eigin framleiðslu sem er a.m.k. 60 mínútur að lengd.



## FJÖLMIÐLANEFND

Til íburðarmikilla dagskrárliða skv. a. liðum 1. og 2. mgr. teljast dagskrárliðir sem falla undir einn eða fleiri eftirfarandi flokka:

- útsendingar stórviðburða á borð við Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, Söngvakeppnin, Menningarnótt og söfnunarútsendingar fyrir góðgerðarmál, svo og **afleidd dagskrá** [*leturbr. fjölmiðlanefndar*] að því gættu að kostun, sbr. 1. mgr., sé seld í einu lagi;

### 2.

Við skýringu á 2. mgr. 7. gr. er nauðsynlegt að fyrir liggi skýr skilgreining á hugtakinu íburðarmikill dagskrárliður. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um Ríkisútvarpið eru nefnd dæmi um íburðarmikla dagskrárliði sem falla undir undantekninguna en það eru útsendingar frá Ólympíuleikum, Evrópu- og heimsmeistarakeppni í handknattleik eða knattspyrnu og Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva.

Í nefndarálit meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar frá 20. febrúar 2013, sem lagt var fram við meðferð frumvarps til laga um Ríkisútvarpið á 141. löggjafarþingi, segir að meirihlutinn árétti mikilvægi þeirrar reglu að Ríkisútvarpinu sé óheimilt að afla tekna með kostun dagskrárefnis. Í nefndarálitinu segir m.a. um undantekningar frá þeirri meginreglu:

*Það er álit meiri hlutans að þetta undanþáguákvæði beri að túlka þröngt og fyrst og fremst ná til þeirra viðburða sem að framan greinir.*

Af undantekningarákvæði 2. mgr. 7. gr. má ráða að við skilgreiningu á íburðarmiklum dagskrárliðum megi líta til kostnaðar við útsendingu, þ.m.t. útgjalda við framleiðslu eða kaup á sýningarrétti. Hins vegar má ráða af lögskýringargögnum að ekki sé nægilegt að líta til kostnaðar við mat á því hvort dagskrárefni teljist íburðarmikið, heldur verði einnig að líta til þess hvort efnið teljist til þeirra alþjóðlegra viðburða, eða sambærilegra viðburða, sem reifaðir eru í skýringum við 7. gr., sbr. einnig nefndarálit meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar þess efnis að undanþáguákvæðið beri að túlka þröngt.

### 3.

Álit fjölmiðlanefndar í máli þessu miðar eingöngu að því að skilgreina þann dagskrárlið sem kvörtun Hringbrautar Fjölmiðla beindist að, þáttaröðina Alla leið. Því er ekki ætlað að skilgreina hugtakið íburðarmikill dagskrárliður með almennum hætti.





## FJÖLMIÐLANEFND

Þótt Ríkisútvarpið setji reglur um kostun dagskrárefnis á grundvelli 8. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið, sbr. auglýsingareglur RÚV, er það í höndum fjölmiðlanefndar að meta hverju sinni hvort túlkun Ríkisútvarpsins á þeim reglum samræmist 2. mgr. 7. gr. laganna.

Við meðferð málsins hefur Ríkisútvarpið bent á að þættirnir Alla leið hafi sérstaklega verið tilteknir af hálfu RÚV sem dæmi um „afleidda dagskrá“ við endurskoðun auglýsingareglna RÚV 2017, eftir fyrirspurn frá fjölmiðlanefnd, og hafi nefndin ekki gert athugasemdir við þau svör RÚV.

Hvergi í lögum um Ríkisútvarpið er fjallað um hugtakið „afleidd dagskrá“ þótt um það sé fjallað í auglýsingareglum RÚV, í tengslum við hugtakið „íburðarmikill dagskrárliður“. Allt að einu hefur fjölmiðlanefnd lýst því sjónarmiði að sjónvarpsþættir eins og HM-stofan geti talist til „afleiddrar dagskrár“, þ.e. dagskrárliðar sem standi í svo beinum og gagngerum tengslum við hinn íburðarmikla dagskrárlið að heimilt gæti verið að kosta hann, að því gefnu að kostun sé seld í einu lagi. Um þetta hefur nefndin vísað til þess að þættir á borð við HM-stofuna séu sýndir í beinum tengslum við tiltekinn íþróttaviðburð á alþjóðlegu stórmóti, þann sama dag, beint á undan, í hálfleik og/eða beint á eftir hinum íburðarmikla dagskrárlið og feli í sér greiningu sérfræðinga á leiknum.<sup>1</sup>

Fjölmiðlanefnd lítur ekki svo á að skilgreining Ríkisútvarpsins á „afleiddum“ íburðarmiklum dagskrárliðum, sem rakin var í kafla um sjónarmið málsaðila í ákvörðun fjölmiðlanefndar nr. 1/2017, bindi hendur nefndarinnar, þótt engar athugasemdir hafi verið gerðar við þá skilgreiningu á sínum tíma. Auk þess kemur fram í ákvörðun nr. 1/2017 að niðurstöðu fjölmiðlanefndar í málinu hafi ekki verið ætlað að skilgreina hugtakið íburðarmikill dagskrárliður með almennum hætti.

Álit fjölmiðlanefndar í máli þessu getur ekki tekið mið af öðru en þeim lögum sem um Ríkisútvarpið gilda, lögskýringargögnum og almennum lögskýringarsjónarmiðum og því hvort túlkun Ríkisútvarpsins á auglýsingareglum RÚV samræmist þeim.

---

<sup>1</sup> Sbr. ákvörðun fjölmiðlanefndar nr. 7/2018 vegna háttsemi Ríkisútvarpsins ohf. á auglýsingamarkaði, í tengslum við sýningar á HM karla í knattspyrnu 2018, bls. 9.



## FJÖLMIÐLANEFND

### 4.

Ágreiningslaust er að Eurovision-söngvakeppnin sem fram fór í Tel Aviv í Ísrael 14., 16. og 18. maí sl. telst til þeirra alþjóðlegu viðburða sem fjallað er um í skýringum við 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið og teljast til íburðarmikilla dagskrárliða í skilningi laganna.

Ríkisútvarpið hefur lýst því sjónarmiði að þættirnir Alla leið, sem sýndir voru á fjögurra vikna tímabili, frá 13. apríl – 11. maí 2019, teljist einnig hluti af hinum íburðarmikla dagskrárlið Eurovision 2019. Um sé að ræða „afleidda dagskrá“ sem heimilt hafi verið að kosta á grundvelli 6. gr. auglýsingareglna RÚV, þar sem þættirnir hafi staðið í gagngerum tengslum við Eurovision-söngvakeppnina 2019.

Að mati nefndarinnar eiga sjónarmið sem réttlætt geta kostun íburðarmikilla dagskrárliða á RÚV ekki við um dagskrárliðinn Alla leið. Ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið er undantekningarheimild frá meginreglunni um bann við kostun dagskrárefnis á RÚV. Samkvæmt almennum lögskýringarsjónarmiðum ber að skýra undantekningarákvæði laga þröngt, sbr. einnig nefndarálit meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar frá 2013 þar sem sérstaklega er tekið fram að undantekningarheimild til kostunar íburðarmikilla dagskrárliða í lögum um Ríkisútvarpið beri að túlka þröngt og fyrst og fremst að ná til þeirra alþjóðlegu viðburða sem taldir eru upp í skýringum við ákvæðið: Ólympíuleika, Evrópu- og heimsmeistarakeppni í handknattleik eða knattspyrnu og Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva.

Fjölmiðlanefnd telur að þættirnir Alla leið falli utan hugtaksins íburðarmikill dagskrárliður, þótt í þeim sé vissulega fjallað um hinn íburðarmikla dagskrárlið Eurovision-söngvakeppnina. Ekki er um að ræða stórviðburð á borð við þá sem raktir eru í skýringum við 7. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um Ríkisútvarpið, heldur innlent dagskrárefni sem tekið er upp í sjónvarpssal.

Ríkisútvarpið hefur bent á að í sanningsákvæði sannings EBU við RÚV sé kveðið á um skyldur RÚV til að kynna lög og keppendur í aðdraganda Eurovision-söngvakeppninnar. Því er ljóst að RÚV ber skylda að kynna framlög keppenda í Eurovision með einhverjum hætti og uppfyllir þá skyldu með sýningu þáttanna Alla leið. Fjölmiðlanefnd getur þó hvorki fallist á að umrætt sanningsákvæði feli í sér skyldu til dagskrárgerðar í kringum framlög keppenda, né að þættirnir Alla leið séu svo samofnir útsendingum frá Eurovision-söngvakeppninni að líta beri á þá og aðalkeppnina sem eina heild. Um það vísar nefndin m.a. til þess að þættirnir voru sýndir á fjögurra vikna tímabili í aðdraganda keppninnar í Tel Aviv og var fyrsti þátturinn sýndur fimm vikum fyrir úrslitakeppnina sjálfa.



## FJÖLMIÐLANEFND

Þá teljast framangreindir þættir ekki til íburðarmikilla dagskrárliða í þeim skilningi að mæta þurfi útgjöldum við framleiðslu eða kaup á sýningarrétti með kostun þeirra. Um er að ræða innlent dagskrárefni sem tekið er upp í sjónvarpssal með litlum tilkostnaði. Þar sem undanþáguákvæði 2. mgr. 7. gr. ber að túlka þröngt getur nefndin ekki fallist á það sjónarmið Ríkisútvarpsins að kostun Alla leið hafi verið heimil í þeim tilgangi að mæta samanlögðum dagskrárkostnaði, kaupum á sýningarrétti og öðrum kostnaði við þáttöku Íslands í Eurovision 2019.

Af framangreindu leiðir að fjölmiðlanefnd telur þættina Alla leið falla utan hugtaksins íburðarmikill dagskrárliður í skilningi laga um Ríkisútvarpið og að ekki hafi komið fram nægilega haldbær rök sem réttlætt geti kostun þáttanna.

Með vísan til alls framangreinds er það því niðurstaða fjölmiðlanefndar að kostun þáttanna Alla leið 20. og 27. apríl og 4. og 11. maí 2019 hafi verið óheimil.

Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga um Ríkisútvarpið getur fjölmiðlanefnd lagt stjórnvaldssektir á Ríkisútvarpið vegna brota á ákvæðum 7. gr. sömu laga. Þó má falla frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta, sbr. 3. mgr. 17. gr. laga um Ríkisútvarpið. Í slíku tilviki er fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með útgáfu álits sem birt er á heimasíðu hennar.

Með vísan til þess máltilbúnaðar Ríkisútvarpsins að þættirnir Alla leið hafi sérstaklega verið tilteknir af hálfu RÚV sem dæmi um „afleidda dagskrá“ við endurskoðun auglýsingareglna RÚV árið 2017, án sérstakra athugasemda frá fjölmiðlanefnd, og í ljósi sjónarmiða um réttmætar væntingar Ríkisútvarpsins til fyrirsjáanleika í stjórnsýsluframkvæmd hefur fjölmiðlanefnd ákveðið að falla frá sektarákvörðun í málinu.



FJÖLMIÐLANEFND

## V. Álitsorð

**Ríkisútvarpið ohf. braut gegn 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013 með kostun sjónvarpspáttanna Alla leið 20. og 27. apríl og 4. og 11. maí 2019 á RÚV.**

**Á grundvelli 3. mgr. 17. gr. laga um Ríkisútvarpið og sjónarmiða um réttmætar væntingar Ríkisútvarpsins, með vísan til fyrri samskipta við nefndina, er fallið frá sektarákvörðun í máli þessu.**

Hulda Árnadóttir

María Rún Bjarnadóttir

Finnur Beck

Róbert H. Haraldsson